

inn. Eftir því sem Puenjer telur í trúfræðissögu sinni, þá stendur Schleiermacher andvígur orþodoxíunni, er styður sig í sínum nýrri búningi við kenningar Hegels, og eru aðalformenn hennar þeir von Hoffmann og Philippi, er ritstj. „Aldamóta“ telur lærisföldur Johnsens en lærisveina Schleiermachers.

Eftir þessu fer því ritstj. hér skakkt með sögu, og er það leiðinlegt, hvort heldur það er gjört af vanþekkingu eða ásettum ráði. Sé það af vanþekkingu gjört, þá væri vel, að ritstj. hefði hugfost sín eigin lagaboð, er hann öðrum setur, að fara ekki með það, sem hann veit ekki. En sé það vísvitandi gjört, þá er það ekkert annað en sögufölsun.

Um síðari hluta þessarar greinar, það, sem hann talar um Frederik Petersen, skulum vér ekkert segja, og trúandi er ritstj. „Aldam.“ til þess, að segja þar rétt frá, því Petersen mun hafa verið kennari hans einhvern tíma nú fyrir nokkrum árum. En hafi próf. Petersen verið slíkur, og hann er sagður; hefir hann verið í hóp þeirra manna, er taldir eru vantrúarmenn hér vestra. Vér leyfum oss að eins að benda á þessi orð (bls. 71): „Hann hélt því fram að það væri dauði fyrir kyrkjuna, að ætla sér að nema staðar við og álsta sem öldungis fullkomna þá niðurstöðu, er hún hefði komist að á einhverju liðnu tímabili. Það væri heilög skylda hennar að leitast við að komast æ lengra og lengra í skilningi og viðurkenningu sannleikans..... Mjög eindregið hélt hann því fram, að sá guðfræðislegi búningur, er seytjándu aldar kennararnir hefði sniðið trúfræðinni, væri nú úreltur orðinn og hugsunarhætti níljándu aldar svo ólskur og óeðlilegur, að það væri sannleikanum til tjóns að ætla sér í einu og öllu að halda við hann“ o. s. frv. (bls. 72): „Hann áleit það hina mestu

einkum frá hinum rómantiska skáldskapar anda, er þá stóð með miklum blóma. Trúarskoðanir hans smá veiktust, og hann fór að efa sannleiksgildi þeirra. Hann fór að hneigjast meira að heimspekisstefnu Kants, og á þeim grundvelli byggir hann flest það, er hann skrifsaði um guðfræði seinni hluta æfinnar. — Hann var gjörður að professor í guðfræði við Berlinar háskólann 1810.— Merkasta rit hans er um „trúarlærðóminn“, er kom út 1823, og vonast „Heimir“ eftir, að geta flutt lítilfjörlegt yfirlit yfir það einhvern tíma seinna.